

Til framboða til komandi borgarstjórnarkosninga 2026.

Fyrirspurn vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingar við Birkimel 1

Fyrirhuguð er breyting á deiliskipulagi við Birkimel 1, auglýst 22. maí til 2. september 2025.

Í tillögunni eru kynnt áform um að reisa allt að 5 hæða fjölbýlishús á lóð sem nú hýsir bensínstöð, en víða um borg eru sambærilegar áætlanir sem má rekja til samninga borgaryfirvalda við olúfélögin um að fækka bensínstöðvum en fá þess í stað byggingarrétt á sömu lóðum.

Fjöldi athugasemda bárust við tillöguna, m.a. frá Minjastofnun Íslands, sem telur að fyrirhuguð uppbygging muni „rýra varðveislugildi einnar merkustu skipulagsheildar í sögu Reykjavíkur“. Að mati stofnunarinnar lýsir skipulagið miklu skilningsleysi á sérstöðu svæðisins og þeirri hugmyndafræði sem skipulag Melahverfis byggir á. Minjastofnun telur þörf á að skipulagsreiturinn verði skoðaður í heild sinni „með tilliti til nærliggjandi byggðar, tengingu við Hagatorg og sjónlína að mikilvægum mannvirkjum kringum torgið“. Jafnframt telur stofnunin „æskilegast að reiturinn í heild verði þróaður áfram í tengslum við mennta- og menningarstofnanir sem fyrir eru á svæðinu“.

Háskóli Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Félagsstofnun stúdenta sendu inn sameiginlega umsögn. Benda forstöðumenn stofnananna á að alla tíð hafi verið talið „óumdeilt að umrætt svæði á milli stofnananna [...] sé helgunarreitur fyrir mennta- og menningarstarfsemi til allrar framtíðar“ og gera alvarlegar athugasemdir við samráðsleysi við stofnanirnar og gagnrýna tillöguna sem þeir telja að „gangi allt of langt og feli í sér verulega neikvæð áhrif á háskólasvæðið“.

Miklir uppbyggingarmöguleikar eru á svæðinu sem vel væri hægt að þróa áfram án þess að raska núverandi anda þess. Um er að ræða einstakt tækifæri sem færi forgörðum, ef að fyrirhugaðri uppbygginu verður. Eins er ljóst að skortur hefur verið á samráði við lykilstofnanir og íbúa.

Meðfylgjandi er afrit af bréfi íbúasamtaka Reykjavíku til Borgarstjórnar, dags. 21.10.2025, en þar er m.a. lagt til að reiturinn verði þróaður í anda nýrrar borgarhönnunarstefnu, jafnvel að undangenginni hugmyndasamkeppni um framtíðarmöguleika svæðisins.

Íbúasamtök Vesturbæjar óska eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra ?
2. Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar (sjá bréf)
3. Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Það er einlægt von okkar að framboðið sjái sér fært að svara ofangreindum spurningum og þannig varpað ljósi á stefnu þess fyrir komandi kosningar.

Ætlunin er síðan að birta svörin á heimasíðu samtakanna eigi síðar en 30. apríl n.k, hafi þau borist.

Með vinsemd og virðingu,

Stjórn íbúasamtaka vesturbæjar

Martin Jónas B. Swift, formaður

Ásta Olga Magnúsdóttir

Kristin Huld Sigurðardóttir

Örn Þór Halldórsson

Es. Deiliskipulagstillöguna og þær athugasemdir sem hafa borist má finna í Skipulagsgáttinni: <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/684>

Ees. Bréf þetta er sent á neðangreind framboð:

- | | |
|--------------------------------|------------------------------------|
| A - listi Vinstreisins | J - listi Sósíalistaflokks Íslands |
| B - listi Framsóknarflokksins | M - listi Miðflokksins |
| C - listi Viðreisnar | P - listi Pírata |
| D - listi Sjálfstæðisflokksins | R - listi Okkar borgar |
| F - listi Flokks fólksins | S - listi Samfylkingarinnar |
| G - listi Góða dagsins | |

Til Borgarstjórnar Reykjavíkur

Efni: Frestun á frekari vinnu við breytingu á deiliskipulagi við Birkimel 1.

Stjórn íbúasamtaka Vesturbæjar hvetur borgarstjórn Reykjavíkur til þess að fresta frekari vinnu við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi við Birkimel 1, en leggja þess í stað áherslu á heildstæða endurskoðun á skipulagi svæðisins á milli Hringbrautar og Hagatorgs.

Eins og fram hefur komið í þeim fjölmörgu athugasemdum sem borist hafa, þá lýsa margir yfir ígrunduðum áhyggjum vegna áformanna. Gildir það sérstaklega um íbúa Birkimels, sem telja sig verða fyrir mikilli skerðingu á lífsgæðum, s.s. dagsbirtu og útsýni. Einnig má nefna umsögn Minjastofnunar, dags 27. ágúst 2025, þar sem m.a. er bent á að deiliskipulagsbreytingin muni hafa neikvæð áhrif á heildarásýnd svæðisins og rýra varðveislugildi einnar merkustu skipulagsheildar í sögu Reykjavíkur.

Allnokkrir benda síðan á að áformin séu hugsanlega í andstöðu við gildandi aðalskipulag.

Stjórnin vill því gera það að tillögu sinni að hafin verði vinna við endurskoðun aðalskipulags svæðisins út frá heildrænni nálgun, sem taki mið af fleiru en íbúðapörf. Jafnvel verði gerður sérstakur rammahluti, sem byggir á ítarlegri skoðun á uppbyggingamöguleikum svæðisins í samhengi við útisvæði og almenningsrými í kring, auk tillits til verndargildis einstakra bygginga og skipulagsheilda, s.s. íbúðablokkana við Birkimel og ásýndar að Háskólabíó, í samræmi við ofangreinda umsögn Minjastofnunar Íslands.

Stjórnin hvetur einnig til þess að borgaryfirvöld stuðli að frekara samráði milli Háskóla Íslands, íbúa og annarra hagsmunaaðila og efni jafnvel til opinna hugmyndasamkeppni og nýti niðurstöður hennar við frekari skipulagsvinnu. Þennan reit skal einnig sýna í samhengi við aðrar opnar lóðir í kring, skólalóðir, kirkjulóð, Hagatorgið með tilliti til samgönguleiða og möguleika á útveru og útikennslu.

Hér gæti í raun myndast einstakt tækifæri til þess að vinna samkvæmt nýrri borgarhönnunarstefnu Reykjavíkurborgar, grænum áherslum borgarinnar og lýðheilsustefnu og svæðið jafnvel orðið e.k. tilraunareitur, þar sem þetta nýja og einstæða verkfæri yrði slípað til og verkferlar þróaðir.

Með vinsemd og virðingu

Stjórn Íbúasamtaka vesturbæjar:

Martin Jónas B. Swift, formaður

Ásta Olga Magnúsdóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir

Örn Þór Halldórsson